

veitt neina bindandi leiðbeining við úrlausn þeirrar spurningar, hverjar bitter- **55**
tegundir beri að heimfæra undir ákvæði hinna nýju laga og hverjar ekki. 30. maí

Utaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og birt-
ingar fyrir spyrjandann, að jeg fellst á framangreint álit yðar og er yður sam-
dóma um, að ekki beri að heimta nú hærri toll af »Kösters-bitter« en áður en
lögin frá 1899 komu í gildi.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántök- 56
leyfi handa Kvíabekkjarprestakalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra 30. maí
amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 23. þ. m., og beiðni hlutað-

adeiganda vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Kvía-
bekk, síra Guðmundur Emil Guðmundsson, taki 450 króna embættislán gegn veði
í tekjum prestakallsins til að gjöra húsabætur á prestssetrinu eptir því, sem ná-
kvæmara er tiltekið í nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu. En
lántökuleyfi þetta er að öðru leyti þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist
á 12 árum samfleytt frá lántökudegi að telja, árlegir vextir sju eigi hærri en
4%, og húsunum sje haldið í vátryggingu hjá áreiðanlegu vátryggingarfelagi fyrir
að minnsta kosti 800 kr. undir eptirliti prófasts. Síðari helmingur lánsins takist
eigi, fyr en sannað er með skoðunargjörð þeirra manna, er prófastur tilnefndur
eður tekur gilda, að húsagerðinni sje að fullu lokið og í áskildu standi.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Seyðisfirði um toll á 57
„Kraüterwein“. — Í brjefi, dagsettu 1. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, 5. júní
spurzt fyrir um það, hvernig tolla beri svonefnt »Kraüterwein«, sem flutzt hafi til
Seyðisfjarðar 19. apríl þ. á.

Eptir lýsingunni á »Kraüterwein«, sem fylgdi brjefi yðar, og er frá fabri-
kantinum sjálfum, er þetta »Kraüterwein« samsett af vintegundum, vínanda,
glycerini, berjasafa og jurtum. Það er drukkið blandað með vatni, og er ætl-
azt til að það örfi eða bæti meltinguna. Það er selt í lyfjabúðum á Þýzkalandi
og bendir það enn fremur á, að hjer sje um einskonar bitter eða bitterefni
að ræða.

Jeg fæ því eigi sjeð, að það geti leikið hinn minnsti efi á því, að hjer
sje um bittertegund að ræða, sem áður hafi verið tollfrjáls, sbr. ráðgjafabrjef
21. ágúst 1886 (Stj.tíð. 1886, B, bls. 126), en nú eigi að tolla samkvæmt lögum
frá 11. nóvbr. 1899 um viðauka við lög 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um
gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilskip. 26.
febr. 1872.

Að því leyti, sem þjer óskið leiðbeiningar um það, hvort tolla skuli
»genever« sem önnur vínföng eða sem 8^o brennivín, skal þess getið, að »gene-

57 ver ber að tolla sem önnur vínföng, sbr. ráðgjafabrjefi 8. nóvbr. 1877 (Stj.tíð. 5. júní 1877, B, bls. 139—140).

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar.

58 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-**
15. júní **amtinu um meðlag með þurfaling.** — Með brjefi. dagsettu 22. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu, þar sem hún skýtur til mín úrskurði yðar, dagsettum 17. marz þ. á, um ágreining milli hennar og hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu útaf upphæð meðlags með þurfamanni Hofshrepps, Jóhanni nokkrum Jónssyni.

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um, að eigi sje ósennilega hátt að reikna meðlag með heilsulitlum þurfamanni, sem kominn er undir sjötugt, 2 kr.—2 kr. 50 a. um vikuna, verð jeg að fallast á úrskurð yðar og skal hann því standa óraskaður.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
aðeigandi hreppsfjelögum.

Úrskurður amtsins.

Með brjefi, dags. 3. jan. þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer skjöl nokkur viðvíkjandi ágreiningi milli hreppsnefndarinnar í Hofshreppi í sýslu yðar og hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu útaf styrk veittum Jóhanni nokkrum Jónssyni af Svínavatnshreppi, en sem er sveitlægur í Hofshreppi.

Sumarið 1898 leitaði Jóhann sá, er hjer ræðir um, styrks hjá hreppsnefndinni í Svínavatnshreppi vegna heilsuleysis, sem kom honum fyrir frá 23. júlí þess árs til 30. sept. s. á. fyrir 2 kr. um viku hverja, eða alls fyrir Kr. 20,00 en frá 1. okt. s. á. og til 4. apríl 1899 voru lagðar með honum kr. 2,50 um vik-
una, eða — 66,43

Sem gjörir samtals: kr. 86,43

Þessa meðgjöf með Jóhanni hafið þjer, vegna hreppsnefndarinnar í Hofshreppi, álitid langt of háa, af þeirri ástæðu, að Jóhann hafi, alt þar til hann leitaði styrksins, unnið fyrir kaupí, og að hann hafi, eptir að hann kom til Hofshrepps árið 1899, þótt vel takandi fyrir 40 kr. meðgjöf um árið. Ennfremur hefir hreppsnefnd Hofshrepps boðið til samkomulags að borga kr. 43,50 af meðlagsupphæðinni.

Aptur á móti hefir sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu haldið því fram vegna Svínavatnshrepps, að hann fyndi ekki ástæðu til að færa kröfu þess hrepps niður, þar sem að Jóhann hefði verið svo heilsulasinn, að hann hefði mjög lítið getað til vinnu gengið, og að eigi hafi verið mögulegt að koma honum niður fyrir minni upphæð, svo og að hreppsnefndin í Hofshreppi megi sjálfri sjer kenna um það, að tíminn var svo langur, sem Jóhann þurfti styrksins við frá Svínavatnshreppi, þar henni hefði verið innanhandar, að viðurkenna sveitfesti hans miklu fyr, en það hafi hún fyrst gjört 4. febr. 1899, eða c. 7 mánuðum eptir að hún fekk tilkynningu um styrkveitinguna,

Þar sem að því hefir ómótmælt verið haldið fram af Svínavatnshreppi að Jóhann Jónsson, sem er kominn um sjötugt, hafi verið svo heilsulasinn þann tíma, er hann